


Greinagerð með fjárhagsáætlun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fyrir árið 2020

Skipurit



Hlutverk

MANNRÉTTINDA -OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Einnig ber skrifstofan ábyrgð á lýðræðisverkefnum og samráði við notendur.

Skrifstofan vinnur með mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: öldungaráð Reykjavíkurborgar, fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar, ofbeldisvarnarnefnd og aðgengis og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík.

Fjárhagsáætlun 2020

	Áætlun 2019	Áætlun 2020	1% hagræðing
Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð	17.579	19.686	-176
Mannréttinda -og lýðræðisskrifstofa	113.808	152.334	-1.201
Þjónusta við innflytjendur	23.083	23.255	-233
Aðgerðir gegn heimilisofbeldi	44.874	44.512	-449
Þjarkarhlíð	3.203	3.268	-265
Íbúaráð		59.263	
Rekstrarniðurstaða	202.547	302.318	-2.324

Megináherslur og helstu breytingar milli ára

Á árinu 2019, við skipulagsbreytingar í miðlægrri stjórnsýslu, var nafni skrifstofunnar og verkefnum breytt. Skrifstofan fékk nafnið mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og samhlíða því voru lýðræðisverkefni flutt frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Með lýðræðisverkefnum voru færðar 37 milljónir sem færðar voru undir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Eitt stöðugildi auk kostnaðs við verkefnið Hverfið mitt og Sköpunartorg fellur þar undir.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tók við umsýslu vegna íbúaráða í maí 2019 og eru fjárheimildir vegna íbúaráða 59 milljónir fluttar frá velferðarsviði til skrifstofunnar. Eitt stöðugildi auk launakostnaðar við íbúaráð fellur þar undir.

Starfsfólk

Á árinu 2019 voru 7,6 stöðugildi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Auk þess starfaði einn starfmaður sérstaklega í verkefninu Hverfið mitt. Gert er ráð fyrir að stöðugildi aukist um 2 á árinu 2020.